



LVB3A03 Lokaverkefni

Námsáætlun, vorönn 2024

Kennari/kennarar:

Sigurjón Geirsson Arnarson

Netfang/netföng:

Sigurjon.arnarson@borgo.is

Lýsing:

Nemendur útfæra verkefni sem sveinsprófsnefnd leggur fyrir og framkvæma í samræmi við kröfur nefndarinnar. Áhersla er lögð á að nemendur sýni vandvirkni, skipuleg vinnubrögð og góða umgengni. Í lokaverkefninu geta komið fyrir allir þættir sem koma við sögu í málun ökutækja. Nemendur verða að gera sér grein fyrir að tímamörk eru á verkefnum. Þess er gætt að farið sé eftir fyrirmælum framleiðenda um notkun efna, tækja og persónuvarna.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Öllum vinnuaðferðum og tæknibúnaði sem beita þarf við undirbúning og málun ökutækja.
- Leiðbeiningum bílaframleiðenda.
- TDS og SDS.
- Verklýsingum og vinnuferlum þegar verið er að gera við ökutæki.

Persónuvörnum sem nota skal við viðgerðir á ökutækjum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:



- Útfæra verkefni eftir fyrirmælum sveinsprófsnefndar við efnisval og framkvæmd verkefnis.
- Meðhöndla öll þau efni sem þarf til að viðgerð standist kröfur sveinsprófsnefndar.
- Beita þeim aðferðum sem þarf til að viðgerð sé viðunandi.
- Velja þau tæki, tæknibúnað og verkfæri sem við eiga hverju sinni.
- Ganga vel um verkfæri og hafa vinnuaðstöðu sína snyrtilega.
- Nota viðeigandi persónuvarnir.

Gera greinagóða verklýsingu á unnu verki.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Framkvæma verkefni er krefjast þekkingar og í samræmi við verkáætlun og hönnun lokaverkefnis frá sveinsprófsnefnd.
- Vinna þannig að endanlegt útlit og áferð sé í fullu samræmi við verkáætlun.
- Vinna sé í fullu samræmi við viðurkenndar aðferðir framleiðenda ökutækja og efnisframleiðenda (OEM, TDS og SDS)
- Velja réttan búnað, tæki og efni.
- skrifa greinagóða verklýsingu.
- Nota persónuvarnir á réttan hátt svo enginn skaði hljóttist af.

Námsmat:

Sjá einkunarreglu á verklýsingu. Ath að ná þarf að minnsta kosti 4.5 í öllu verkþáttum til að standast áfanga. ATH að Skólafatnaður (peysa/bolur) þarf að sjást, öryggisskór, hanskar, grímur og sprautugalli. Refsistig er gefið fyrir hvern dag sem þetta er ekki virkt sem jafngildir -1 heilum í virkni



Borgarholtsskóli

og þáttöku.

Námsgögn:

Húdd, litir, spartl, glæra og sandpappír fæst hjá kennara og verklýsing.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:



Vika	Dagur	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	1	29. apríl	Kynning og próf	
	2		Verkefnavinna	
	3		Verkefnavinna	
	4		Verkefnavinna	
	5		Verkefnavinna	
2	6		Verkefnavinna	
	7		Verkefnavinna	
	8		Verkefnavinna	
	9		Verkefnavinna	
	10	10 maí	Verkefnavinna	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.